

LISTIR

Að ná taki á tímanum

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir

HUGMYNDAFRÆÐI
GRE TAR REYNISSON

Opið frá kl. 11-17. Til 19. ágúst.

Það er vel til fundið hjá Kjarvalsstöðum að bjóða Gretari Reynissyni að sýna á einum stað öll þau verk sem hann hefur sýnt síðan árið 1997 í mismunandi sýningarsölum í Reykjavík, og tvö ný verk að auki. Hér er um óvenju heilsteypta sýningu að ræða þar sem öll verk sýningarinnar eru í rökréttu samhengi hvert við annað enda eru þau öll að fast við það sama; að myndgera tímann á mismunandi hátt.

Tímann þekkja allir enda er tíminn og sá einstaki eiginleiki hans að líða stjórnlaust áfram, nokkuð sem við glímum öll við hvert á sinn hátt. Myndlistarmenn þekkja allir tíma-hugtakið og hjá þeim birtist tíminn í ólíkum myndum; tíminn til að búa til myndlist er ekki nógur, tíminn til að búa til myndlist er of mikill, tíminn mun leiða í ljós hvort að viðkomandi myndlistarmaður hlýtur verðskuld að viðurkenningu og tíminn afgreiðir sköpunarverk annarra sem fánýtt rusl sem samtíminn ofmetur. Þannig fer tíminn með menn og menn með tímann. Eitthvað af

þessu síðasttalda gæti sjálfsagt átt við Gretar Reynisson en hann er myndlistarmaður sem hefur tekið meðvitaða ákvörðun um að ganga til móts við tímann og beisla hann í sinni listsköpun. Í því samhengi verður þeim sem til þekkja í myndlistarheiminum óhjákvæmlega hugsað til Japanans On Kawara og Íslendinganna Ómars Smára Kristinssonar og Birgis Arnar Thoroddsen svo dæmi séu tekin en allir hafa þeir unnið í sama anda og Gretar Reynisson gerir – skrásetningu daganna á sjálfævisögulegan máta. On skrásetur daga sem hann lifir, leiðir sem hann fer og fólk sem hann hittir, þennan daginn eða hinn, Ómar Smári teiknar myndir af blöðum sem hann les, myndum sem hann skoðar og skráir drauma sem hann dremmir og Birgir Örn semur lag upp á sérhvern dag og leyfir gestum á sýningu að hlusta á alla tónlist sem hann hefur keypt um ævina, í einu. Gretar gerir þetta á sinn hátt, sýnir okkur m.a. blýants-teikningar á MDF-platta sem hann skiptir upp í flokkana dagsplatta, vikuplatta, mánaðarplatta og ársplatta sem á þá við hve langan tíma tók að gera hvern platta. Plattarnir sem hann teiknar á eru misstórir til að undirstrika tímann sem teikningin tók. Þessi hluti sýningarinnar er veikasti hlekkurinn í annars skýrri hugmyndafræði sýningarinnar og verður að vissu leyti til þess



12 kaffidagbækur, með 365 kaffiförum, eitt á dag, 1/1. 31.12 1999.

af afvegaleiða áhorfandann. Ástæðan er sú að teikningarnar eru allar mismunandi, ýmist hlutbundnar eða óhlutbundnar og svo virðist sem listamaðurinn leitist þarna við að setja fram listræna tjáningu innan hvers platta á meðan öll önnur verk á sýningunni þjóna heildarhugmyndafræði sýningarinnar með því að vera vélræn, köld og „minimalísk“ á allan hátt. Hér á ég við verkin 52 handklæði sem Gretar þurrkaði sér á á síðasta ári og geyma tilheyrandi líkamsvessa listamannsins, 365

för eftir kaffibolla, 365 hvít, flöng og dálítið sérkennileg brauð sem minna á brauðstangir frá Dominos þitsum og sjálfsmýndir þar sem myndlistarmaðurinn krumpar blaðið ofan á andlit sitt og nuddar svo blýantsdufti yfir.

Uppsetning sýningarinnar er mjög vönduð og miðrymi Kjarvalsstaða hentar vel undir verkin ef lítið er framhjá ónæði af völdum tónlistar og tals frá sýningu í næsta sal og því að rýmið er opið í báða enda.

Ég veit ekki hvort að Gretar hefur hér fundið fjöli sína til æviloka, þ.e. skrásetningu tímans og eigin lífs, en ef svo er verður spennandi að fylgjast með. Sýningin er góð að því leyti að hún fær mann til að líta í eigin barm og skoða hvað maður er að nota tímann sinn í og minnir okkur á hve dýrmætur hann er. Sömu leiðis vona ég að sýningin hafi þau áhrif á fólk að það sjái að endurteknar athafnir hversdagslífsins geta orðið að listrænum gjörningi ef menn temja sér listrænt hugarfar en slíkt er öllum frjálst að gera þó þeir hafi ekki gengið í myndlistarskóla.

Óhætt er að blaða í gegnum teikningarnar á plöttunum, skoða „kaffidagbækurnar“ og fleiri verk og hvet ég fólk hér með til þess að gera það og komast þannig í nánara samband við listamanninn og hans horfna tíma.

Þóroddur Bjarnason

Nýir myndlistargagnrýnendur

● ÞÓRODDUR Bjarnason er nýr myndlistargagnrýnandi við Morgunblaðið.

Þóroddur er fæddur árið 1970. Hann lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Vesturlands, námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1996 og CCA í Japan árið 1998. Þóroddur hefur verið starfandi myndlistarmaður frá árinu 1996 og haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hérlendis og erlendis. Þóroddur var blaðamaður á Morgunblaðinu frá 1995-99. Hann starfar nú á Auglýsingastofnunni Hvíta húsinu.



Þóroddur Bjarnason

● ANNA Sigríður Einarsdóttir hefur skrifað myndlistargagnrýni í Morgunblaðið frá áramótum. Anna Sigríður er fædd árið 1970. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund 1990, útskrifaðist með BA-próf í Listasögu og listfræði frá University of Essex 1994, með MA-próf í miðaldahandritum frá Courtauld Institute í London 1996 og lauk námi í hagnýtri fjölmiðlun frá Háskóla Íslands 1999.

Hún starfaði við útgáfu MacMillan's Dictionary of Art 1994-1995, hjá forngripasölu Spink & son í London 1996-1997 og átti sæti í stjórn Menningarnætur árið 1998. Anna Sigríður hefur starfað hjá Morgunblaðinu frá því árið 1999, fyrst sem blaðamaður og nú við útlitshönnun og þróunarvinnu.



Anna Sigríður Einarsdóttir

Hún starfaði við útgáfu MacMillan's Dictionary of Art 1994-1995, hjá forngripasölu Spink & son í London 1996-1997 og átti sæti í stjórn Menningarnætur árið 1998. Anna Sigríður hefur starfað hjá Morgunblaðinu frá því árið 1999, fyrst sem blaðamaður og nú við útlitshönnun og þróunarvinnu.

Hún starfaði við útgáfu MacMillan's Dictionary of Art 1994-1995, hjá forngripasölu Spink & son í London 1996-1997 og átti sæti í stjórn Menningarnætur árið 1998. Anna Sigríður hefur starfað hjá Morgunblaðinu frá því árið 1999, fyrst sem blaðamaður og nú við útlitshönnun og þróunarvinnu.

Gamlar klukkur í Húsinu

Í BORDSTOFU Hússins á Eyrarbakka stendur yfir sýningin Tikk tikk Takk takk – frá Bakkaárum til Borgundarhólmsklukku.

Á sýningunni gefur að líta gamlar klukkur og gömul úr í eigu safnanna á Eyrarbakka, s.s. vasaúr, armbandsúr, úrfestar og gamla skipsklukku. Sýningin er opin á afgreiðslutíma safnanna á Eyrarbakka kl. 10-18 alla daga vikunnar og stendur fram á haust.

Rit

● KIRKJURITID er komið út.

Dr. Sólveig Anna Þóasdóttir tekur fyrir hefðbundna sýn kristinnar siðfræði á kynlíf og kynferði og gagnrýnir hana útrá sjónarhóli kristinna feminista. Fjallað er um hin ýmsu verkefni kirkjunnar á sviði sálsgæslu í greinum eftir sr. Braga Skúlason, Málfríð Mátsson sálfræðing og Einar Arnalds rithöfund. Þá er grein eftir Þorkel Ágúst Óttarsson um upphaf og endi spákvenna í Gamla testamentinu og viðtal við dr. Einar Sigurbjörnsson um Kristilegan barnalærdóm Helga Hálfdanarsonar sem kom út í lærdómsritröð bókmenntafélagsins sl. haust. Þá er í ritinu ritdómur dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar um ritverkíð Kristni á Íslandi sem Alþingi Íslendinga gaf út vorið 2000.

Útgefandi er Prestafélag Íslands. Ritstjóri Kirkjuritsins er sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir. Kirkjuritið kemur út þrisvar á ári og fæst í Kirkjuhúsinu, Laugavegi 31, Reykjavík.

Þjóðlagahátíð á Siglufirði hefst næstkomandi þriðjudag

„Vettvangur þeirra sem vilja rækta þjóðlega menningu“

ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ verður haldin í annað sinn á Siglufirði dagana 10. – 15. júlí. Hátíðin verður með svipuðu sniði og í fyrrasumar, er hún var haldin í fyrsta sinn. Boðið verður upp á tíu námskeið, bæði fyrir börn og fullorðna, en auk þess verða tónleikar og aðrar uppkomur á hverjum degi. Á miðvikudagskvöld verður lygavaka í bræðslumínjasafninu Gránu, þar sem helstu lygalaupar norðan heida segja sögur, kveðnar verða vísur og sungin fjöldsöngur. Kennarar á námskeiðum eru bæði innlendir og erlendir. Poul Høxbro og Miriam Andersen frá Danmörku kenna miðaldadans og miðaldasöngva og Kristín Valsdóttir verður með námskeið einkum ætlað grunnskólakennurum þar sem hún sýnir hvernig nýta má þjóðlög, þulur og kvæði í almennu skólastarfi.



Gunnsteinn Ólafsson

tónlist leikur einnig á hátíðinni. Þá spinna Sigurður Flosason saxófónleikari og Gunnar Gunnarsson organisti út frá fornum sálmalögum, Sláttukvintettinn flytur þjóðlagautsetningar eftir Jóranni Viðar og fleiri og nemendur á tónlistarnámskeiðum sýna afrakstur námsins á þrennum tónleikum. Sérstakir hátíðartónleikar verða í íþróttahúsinu laugardaginn 14. júlí að ógleymdri þjóðlagamessu daginn eftir.

Grundvöllur fyrir hátíð árlega

Gunnsteinn Ólafsson framkvæmdastjóri Þjóðlagahátíðarinnar segir forsögu hátíðarinnar þá að árið 1998 hafi verið haldin þjóðlagahátíð á Akureyri. „Ætlunin var að halda aðra hátíð tveimur árum seinna í Kópavogi en ekkert gat orðið af því. Þegar við stofnuðum Félag um Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði haustið 1999 var þess farið á leit við félagið að haldin yrði þjóðlagahátíð fyrir norðan enda hafði bærinn lýst yfir áhuga sínum á að halda minningu Bjarna Þorsteinssonar þjóðlagasafnara og prests á Siglufirði í heiðri með slíkum hætti.“ Gunnsteinn segir hátíðina í fyrria hafa gengið mjög vel. „Við ákváðum þá strax að halda hátíðina aftur nú. Aðsókn að námskeiðum er svipuð nú og í fyrria og ég vona að aðsókn að tónleikum verði ekki síðri. Ef þetta tekst getum við sýnt fram á að það sé grundvöllur fyrir því að halda svona hátíð árlega.“

Lygasögur á undanhaldi

Gunnsteinn segir bæjarbúa á Siglufirði taka mjög mikinn þátt í hátíðinni og að helmingur þátttakenda á námskeiðum séu bæjarbúar. „Siglufirður er vel í sveit settur. Þar eru bæði til margar þjóðsögur og sagnir; náttúran er mjög falleg og gönguleiðir skemmtilegar. Við bjóðum upp á námskeið sem sameinar allt þetta. Upphaflega hélt ég að svona útivistarnámskeið myndi henta mökum þeirra sem sæktu önnur námskeið en mér til mikillar ánægju og undrunar verða það mest Siglufirðingar sem sækja það. Siglufirðingar vilja fræðast um umhverfi sitt. Annars er það yfirlýst markmið félagsins okkar að einblína ekki aðeins á tónlistina heldur einnig á fleiri þætti þjóðlegrar menningar og sérstaklega það sem á undir högg að sækja. Ég bendi sérstaklega á lygavökuna; þeirri þjóðlegu mennt að segja skreytisögur hefur farið aftur.“

Gunnsteinn segist hafa mikinn áhuga á sam-



Morgunblaðið/Einar Falur Ingólfsson

Síldarmínjasafnið á Siglufirði. Saltað verður á planinu á Þjóðlagahátíðinni.

starfi við fleiri í þjóðlega geiranum og bjóða fleirum að halda sjálfstæð námskeið á næstu hátíðum. „Við erum opin fyrir því að gera Þjóðlagahátíðina á Siglufirði að opnum vettvangi þeirra sem vilja rækta íslenska menningu.“ Siglufjarðarbær hefur sýnt hátíðinni mikinn velvilja og stórhug að sögn Gunnsteins. „Þetta er ekki stórt bæjarfélag. Samt hefur bærinn veitt okkur öflugan fjárstuðning til að kaupa hús Bjarna Þorsteinssonar undir Þjóðlagasetrið og bærinn hefur einnig styrkt Þjóðlagahátíðina bæði í fyrria og núna. Siglufirður er orðinn heimili íslenska þjóðlagnsins. Auk þess viljum við vekja athygli á því að við eigum ákveðin verðmæti í sögu okkar og menningu sem eru alveg þess virði að þeim sé gaumur gefinn.“

Námskeiðin kosta kr. 10.000 og aðgangur að tónleikum kr. 1000. Hægt er að fá sérstök afsláttarkort á alla viðburði hátíðarinnar. Barnanámsskeiðin eru ókeypis fyrir börn þátttakenda. Hátíðin er haldin með tilstyrk menningarborgarsjóðs, Siglufjarðarbæjar og menntamálaráðuneytisins. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu hátíðarinnar á www.siglo.is/festival2001.

Leikir og leiklist fyrir börnin

Mikil áhersla er lögð á að þátttakendur á Þjóðlagahátíðinni taki börn sín með og því verður boðið upp á tvösnar námskeið fyrir börn, þeim að kostnaðarlausu. Leiklistarnámskeið verður fyrir börn 10 – 12 ára í umsjá Theodórs Júlíussonar leikara og síðan verður leikjanámskeið fyrir 9 ára og yngri. Fjölbreyttir tónleikar verða á hátíðinni. Hátíðina setur þjóðlagahópurinn Embla og norræni dúettinn Alba sem sérhæfir sig í miðalda-